

Sérdeild sjúkraliða með sérnám í hjúkrun aldraðra ályktar

Sjúkraliðar með sérnám í hjúkrun aldraðra gera alvarlegar athugasemdir við þá ákvörðun Landsspítalans að loka líknardeildinni á Landakoti.

Líknandi meðferð tekur til allra þátta heildrænnar umönnunar sjúklings þegar lækningu verður ekki lengur við komið. Markmið líknandi meðferðar er að stuðla að sem mestum lífsgæðum hjá sjúklingi og fjölskyldu hans.

Líknardeildin var opnuð í október 2001, eða fyrir tíu árum síðan.

Á heimasíðu Velferðarráðuneytisins kemur fram að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra var veitt vegna þeirra breytinga sem gera þurfi á húsnæði deildarinnar. Kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauðakross Íslands gaf búnað á allar stofur, þar með talin sjúkrarúm af vönduðustu gerð. Styrktarsjóður Landakotsspítala gaf mest af búnaði í setustofu, borðstofu og á ganga. Það kemur einnig fram að opnun líknardeildar sé liður í stefnumótun öldrunarsviðs LSH, sem miðar að því að skilgreina og sérhæfa ýmsar einingar öldrunarþjónustunnar þannig að þörfum aldraðra sem leita til sjúkrahússins sé sem best mætt.

Margir komu að opnun deildarinnar, bæði með einstaklingsframtaki og með fjárveitingu úr opinberum sjóðum, það á því ekki að vera í höndum forstjóra Landspítalans að taka svo afdrifaríka ákvörðun sem lokunin er.

Það er krafa sérdeildar innan Sjúkraliðafélags Íslands að ákvörðunin verði afturkölluð af Velferðarráðherra.

Fyrir hönd stjórnar sérdeildar sjúkraliða með sérnám í hjúkrun aldraðra
Ingibjörg Sveinsdóttir, formaður
Sími 8926418